



Furulundur 8, Akureyri

Félagið á þrjár nýuppgerðar íbúðir í Furulundi 8 á Akureyri. Allar íbúðirnar hafa verið algjörlega endurnýjaðar, 2021-2022. Í öllum íbúðunum eru 2 svefnherbergi, stofa, eldhús og baðherbergi með sturtu. Svefnpláss er fyrir 4 í herbergjum og hægt að fá gestarúm og barnarúm. Búnaður er fyrir 5 manns.

Gasgrill og garðhúsgögn
Lyklar eru afhentir á staðnum gegn framvísun leigusamnings.

Playa Flamenca GALA, Orihuela Costa Torrevieja - Spánn

Glæsileg ný 3ja herbergja (2 svefnherbergi) orlofsíbúð með sérinngangi og 2 baðherbergjum á jarðhæð ásamt sér bílastæði í lokuðum bílakjarna. Íbúðin er mjög vel staðsett, nálægt golfvöllum, La Zenia Boulevard mallinu, veitingastöðum, La Zenia ströndinni og allri helstu þjónustu. Nútímaleg íbúð, umkringd stórrí sundlaug, tveimur nuddpottum og barnasundlaug. Frá stofu er gengið út á flísalagða verönd. Í framhaldi af veröndinni er blettur með gervigrasi og golfholu þar sem tilvalið er að æfa puttinn fyrir komandi golfhring á þeim glæsilegu golfvöllum sem eru á svæðinu. Skiptidagar eru þriðjudagar

Nauðsynlegt er að hafa samband við skrifstofu amk. viku fyrir brottför.

Við mælum með að fólk skoði síðuna www.spanarheimili.is, en þeir eru með alls konar aukapjónustu s.s. sótt og skutlað á flugvöllinn, deilibíla, skoðunarferðir og tilbúnar matarkörfur við komu ásamt ýmsu öðru.



Útilegukortið– Veiðikortið 2022

Fullgildir félagsmenn geta keypt Útilegukortið og/eða Veiðikortið 2022 á skrifstofu félagsins með 50% afslætti.

Íslandshotel

Félagsmenn geta keypt gjafabréf á Íslandshotel á skrifstofu félagsins. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu félagsins www.vlfa.is.

Umsóknarfrestur er til 31. mars 2022, úthlutun fer fram þann 4. apríl.

Við minnum á að í stað þess að skila inn umsókn er hægt að sækja um orlofshús á Félagavefnum og eru félagsmenn eindregið hvattir til þess. Félagavefurinn er aðgengilegur á www.vlfa.is og þar er hægt að skrá sig inn með rafrænum skilríkjum eða fá lykilorðið sent í netbanka.

www.vlfa.is



Orlofshús og orlofsíbúðir sumarið 2022



Þjóðbraut 1 - 300 Akranes - Sími: 430 9900 - Netfang: vlfa@vlfa.is

Opnunartími: mán—fim 8-16, fös 8-15:15

www.vlfa.is



Ásendi 9, Húsafelli

Ásendi 9 er með tveimur svefnherbergjum ásamt gestahúsi. Í hvoru svefnherbergi eru hjónarúm og í gestahúsi er einnig hjónarúm. Búnaður er fyrir 8 manns. Góður pallur er í kringum bústaðinn ásamt heitum potti, gasgrilli og garðhúsgögnum.



Birkihlíð 6 , Húsafelli

Í Húsafelli á félagið einnig glæsilegt og rúmgott hús við Birkihlíð. Í húsinu eru þrjú svefnherbergi með hjónarúmum ásamt gestahúsi með hjónarúmi og svefnsofa. Húsið er vel búið flestum þægindum og búnaði fyrir 10 manns.



Ásendi 10, Húsafelli

Í húsi félagsins að Ásenda 10 eru 2 svefnherbergi og svefnloft. Það er búið flestum þægindum og búnaði fyrir 8 manns. Húsið er með góðri verönd og heitum potti. Bústaðurinn var alveg tekinn í gegn að innan í ársbyrjun 2020. Ný eldhúsinnrétting, baðherbergið endurnýjað og nýleg rúm í báðum herbergjum.



Bláskógar 12, Svínadal

Bústaðurinn er staðsettur í Svarfólsskógi, hann er með tveimur svefnherbergjum og svefnlofti. Hjónarúm er í báðum herbergjum auk barnarúms. Á svefnlofti eru aukadýnur. Sængur og koddar eru fyrir 8 manns. Góður pallur, garðhúsgögn, heitur pottur og gasgrill.

Efstíás 11, Svínadal

Í Svínadal á félagið einnig orlofshús við Efstaás í Eyrarskógi. Um er að ræða rúmgott hús byggt árið 2002 sem stendur í fallegu umhverfi í landi Kambshóls í Svínadal. Húsið er á tveimur hæðum, uppi eru tvö svefnherbergi og eitt til viðbótar er á neðri hæð. Búnaður er fyrir 8 manns.



Hornsteinn við hótél Glym í Hvalfirði

Um er að ræða afar glæsilegan 70 fermetra bústað sem byggður var árið 2010 sem einn af sex bústöðum sem Hótél Glymur var með í útleigu. Félagið festi kaup á bústaðnum sem ber nafnið HORNSTEINN. Bústaðurinn er með tveimur svefnherbergjum sem bæði eru með aðgengi að salerni og sturtu. Það er góð svefnaðstaða fyrir fjóra, auk barnarúms. Borðbúnaður er fyrir 8-10 manns. Við húsið er góður pallur með heitum potti og frábæru útsýni.



Hraunborgir í Grímsnesi

Bústaðurinn var allur tekinn í gegn í febrúar 2021 Sumarhúsabyggðin í Hraunborgum er vel gróin, með þjónustumiðstöð og sundlaug. Á svæðinu er einnig golfvöllur, minigolf og leikvöllur fyrir börnin. Góð staðsetning á Suðurlandinu og stuttar vegalengdir að mörgum perlum íslenskrar náttúru. Húsið er svokallaður A-bústaður og við hann er stór verönd og heitur pottur. Á efri hæð eru tvö herbergi en annað herbergið er opið rými ekki með hurð. Búnaður er fyrir 6 manns.



Smíðjan við Höfðaból í Vestmannaeyjum

Verkalýðsfélag Akraness hefur á leigu efri hæðina í Smíðjunni við Höfðaból í Vestmannaeyjum. Í íbúðinni eru þrjú svefnherbergi og í hverju þeirra eru tvö einstaklingsrúm, auk þess er hægt að sofa á sofa í stofunni. Sængur og koddar eru fyrir 8 manns. Þessi skemmtilega íbúð er staðsett rétt fyrir ofan flugvöllinn í Vestmannaeyjum, en það eru ca 2 km í miðbæinn. Góðar svalir eru á húsinu og alveg hreint dásamlegt



Berjabraut 10, Kjós

Í Kjós á félagið stórt og gott orlofshús sem byggt var 2005. Húsið er 83 m2 með tveimur svefnherbergjum og rúmgóðu lofti. Í svefnherbergjum eru tvíbreið rúm og á loftinu er eitt tvíbreitt rúm og tvær aukadýnur. Sængur og koddar eru fyrir 8 manns. Góður lokaður pallur er í kringum bústaðinn og að hluta yfirbyggður.